

Nefndasvið Alþingis,
Þórshamar v/Templarasund,
150 Reykjavík.

Alþingi
Erindi nr. P 126 / 1113
komudagur 126 / 1
19.2.2001

Umsögn Læknafélags Íslands (LÍ) og Félags íslenskra heimilislækna (FÍH) um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tóbaksvarnir, nr. 74/1984, sbr. lög nr. 101/1996. Umsögnin er unnin af undirrituðum í umboði félaganna.

LÍ og FÍH þakka fyrir tækifæri til að hafa áhrif á mótun tóbaksvarnalaga með því að fá frumvarpið til umsagnar. Í heild er frumvarpið mjög til bóta og verði það að lögum mun það án efa leiða til mikilla framfara á sviði tóbaksvarna. Í stað nákvæmrar umfjöllunar um hvern þátt frumvarpsins er valið að draga annars vegar fram þau atriði sem félögin vilja undirstrika sem stór framfaraskref í frumvarpinu (I) og hins vegar að benda á það sem gert gæti gott frumvarp betra (II):

I Mikilvæg framfaraatriði frumvarpsins

1. Ákvæði um rétt hvers manns til að anda að sér lofti sem ekki er mengað af tóbaksreyk og taka sérstaklega fram skyldur foreldra og forráðamanna barna til að tryggja þeim slíkan rétt er eitt mikilvægasta atriði frumvarpsins (sjá gr. 1)
2. Að skilyrða það að þeir einir sem eru orðnir eru 18 ára megi selja tóbak er eðlilegt og í samræmi við að þann aldur þarf til að kaupa tóbak (sjá gr. 7). Þetta er líklegt til að minnka aðgengi barna að tóbaki.
3. Krafa um leyfi til að selja tóbak í smásölu (gr. 7) er bæði metnaðarfullt og líklegt til árangurs þar sem hans er einmitt ekki síst þörf nú, nefnilega að hefta aðgang ungmenna að tóbaki. Á undanförunum árum hefur verið sýnt fram á það endurtekið að við núverandi aðstæður er alltof mikið um að börn geti keypt tóbak.
4. Ákvæði um að hækka það hlutfall af brúttósölu tóbaks sem skylt er að verja til tóbaksvarna úr 0.7 í 0.9% er mjög þýðingarmikið (gr. 14).

II Ábendingar um úrbætur á frumvarpinu.

- a. Æskilegt væri að koma inn í lögina ákvæði um að unnið skuli að því að rjúfa tengsl tóbaksverðs og vísitölu.
- b. Í niðurlagi 8. greinar frumvarpsins er fjallað um samráð menntamálaráðherra við íþróttahreyfinguna varðandi takmarkanir á tóbaksneyslu utan húss á íþróttasvæðum. Hér væri ástæða til að bæta einnig inn að menntamálaráðherra skuli eiga samráð við sömu aðila varðandi reglur um tóbaksnotkun íþróttþjálfara og starfsmanna íþróttahúsa og –viðburða í vinnutíma sínum. Þessu til skýringar er sú dapra staðreynd að enn viðgengst það víða að þjálfarar og starfsmenn íþróttasvæða nota tóbak í vinnu sinni að börnum og ungmennum ásjáandi.
- c. Í 8. grein frumvarpsins eru ákvæði sem hafa þann tilgang að tryggja fólki rétt samkvæmt því sem fram kemur í 1. grein frumvarpsins, að þurfa ekki að anda að sér reykmengðu lofti og ætluð til að draga úr óbeinum reykingum. Meining greinarinnar er góð en nokkuð vantar á að nægilega skýrt og afgerandi sé kveðið á um hvað átt er við. Þannig væri æskilegt að í lögnum sjálfum, fremur en með reglugerð ráðherra yrðu skýrar reglur um veitingahús og hótél og ekki síður kaffihús, bari, dansstaði o.s.frv. Miðað við það að einungis 25% fullorðinna Íslendinga reykja er eðlilegt að kveða á um það í lögnum að veitingahús skuli einfaldlega vera reyklaus. Sé það talið nauðsynlegt að veita megi undanþágur frá slíku, þá væri eðlilegra að ráðherra hefði heimild til að setja reglugerð um slíkar undanþágur, þar sem gerð yrði sú grundvallarkrafa að veitingarými megi aldrei

menga með reyk. Ennfremur væri í ljósi ofangreinds eðlilegt að greipa það í lög að a.m.k. 75 % hótélherbergja skuli vera reyklaus. Í því sambandi er rétt að benda á þá staðreynd að þó að 25% fullorðinna Íslendinga reyki þá reykir enn lægra hlutfall í svefnherbergi sínu. Varðandi útlendinga sem gista hótél hér á landi þá er hlutfall reykinga í löndum þeirra margra svipað og okkar.

Varðandi skemmtistaði þá er kominn tími til að tryggja starfsmönnum þeirra (starfsfólk á bar, skemmtikraftar o.fl.) þau grundvallarréttindi að fá að anda að sér hreinu lofti á vinnustað sínum (samanber bæði anda laga um vinnuvernd og 2. málsgrein 1. greinar frumvarps þessa). Í því sambandi skal bent á að í dag er fullsannað að óbeinar reykingar valda sjúkdómum og má þar nefna kransæðasjúkdóm og lungnakrabbamein og skaðleg áhrif á fóstur í móðurlífi. Þetta síðasta er sagt í ljósi þess að sumir ofangreindra starfsmanna eru konur og ganga með börn undir belti.

Virðingarfyllst,

Egilsstöðum 16.02. '01

Pétur Heimisson læknir.